

KPMG Law ehf.

Ársreikningur

1. október 2022 til 30. september 2023

KPMG Law ehf.
Borgartún 27
105 Reykjavík

Kt. 550217-1040

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnenda	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Sjóðstremisýfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnenda

Tilgangur félagsins er rekstur lögmannsstofu, kaup, sala og eignarhald verðbréfa, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og skyldur rekstur.

Á tímabilinu 1.10.2022 til 30.9.2023 voru ársverk hjá félaginu 24 og námu launagreiðslur 377,8 millj. kr. og að auki greiddi félagið 124,5 millj. kr. í önnur laun og launatengd gjöld.

Félagið veitir þjónustu til viðskiptavina á sviðum lögfræði, skattamála, fjármála og rekstrar. Helstu verkefni félagsins á árinu voru í tengslum við aðstoð við kaup og sölu fyrirtækja, endurskipulagningar samstæðna, fjármögnunar á félögum ásamt almennri skatta- og lögfræðiþjónustu til fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum. Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar til þess að glöggva sig á stöðu félagsins í lok ársins komi fram í ársreikningnum. Reksturinn á árinu var góður og er gert ráð fyrir því að eftirspurn eftir sérfræðiþjónustu sem félagið veitir verði góð á komandi rekstrarári. Áætlanir gera ráð fyrir tekjuaukningu milli ára.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins á tímabilinu 60,5 millj. kr. Eigið fé í lok september nam um 89,8 millj. kr., en vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðarins og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Hlutfé félagsins nam 2,4 millj. kr. í lok september 2023 og hækkaði það um 1,9 millj. kr. á tímabilinu. Í upphafi og lok rekstrarársins 2023 áttu fjórir hluthafar hlut í félaginu, en þau eru Soffía Eydís Björgvinsdóttir (31,58%), Jónas Rafn Tómasson (31,58%), Ágúst Karl Guðmundsson (31,58%) og Höskuldur Eiríksson (5,26%).

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 60,9 millj. kr. arður til hluthafa á árinu 2024 vegna rekstrarársins 2023.

Stjórn KPMG Law ehf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. desember 2023.

Í stjórn félagsins:

Rafræn undirritun stjórnenda félagsins er á forsíðu ársreiknings.

Jónas R. Tómasson
Soffía Eydís Björgvinsdóttir
Höskuldur Eiríksson

Framkvæmdastjóri:

Ágúst Karl Guðmundsson

Áritun endurskoðanda

Stjórn og hluthafar í KPMG Law ehf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings KPMG Law ehf. fyrir árið 2023, byggt á þeim upplýsingum sem stjórn og framkvæmdastjóri félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérfræðipækkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir ársreikningnum og nákvæmni og heild þeirra upplýsinga sem hann byggir á.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings felur ekki í sér staðfestingavinnu er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórn og framkvæmdastjóri hafa lagt fram. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

Reykjavík, 8. desember 2023.

Rafræn undirritun endurskoðanda er á forsiðu ársreiknings.

Endurskoðun og reikningshald ehf.

Ágústa Katrín Guðmundsdóttir, löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 1. október 2022 til 30. september 2023

	Skýr.	1.10.2022- 30.9.2023	1.10.2021- 30.9.2022
Rekstrartekjur:			
Seld þjónusta	2	876.889.913	396.684.788
		<u>876.889.913</u>	<u>396.684.788</u>
Rekstrargjöld:			
Aðkeypt þjónusta til endursölu		108.399.477	129.065.096
Laun og launatengd gjöld	6	502.259.106	168.459.169
Annar rekstrarkostnaður		192.327.145	85.214.645
		<u>802.985.728</u>	<u>382.738.910</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		73.904.185	13.945.878
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur		4.502.727	532.883
Vaxtagjöld	(1.774.408)	(252.228)
Gengismunur		39.603	(413.328)
		<u>2.767.922</u>	<u>(132.673)</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		76.672.107	13.813.205
Tekjuskattur	8	(16.207.275)	(2.795.588)
Hagnaður ársins	7	<u><u>60.464.832</u></u>	<u><u>11.017.617</u></u>

Efnahagsreikningur 30. september 2023

	Skýr.	30.9.2023	30.9.2022
Eignir:			
Skatteign.....	8	904.489	152.153
Viðskiptakröfur.....	4	449.741.967	87.533.180
Aðrar skammtímakröfur.....		10.313.906	324.363
Handbært fé	3	11.901.616	38.111.755
Eignir samtals		<u>472.861.978</u>	<u>126.121.451</u>
Eigið fé:			
Hlutfé		2.375.000	500.000
Lögbundinn varasjóður.....		593.750	125.000
Yfirverðsreikningur.....		25.912.833	0
Óráðstafað eigið fé		60.954.822	40.958.740
Eigið fé samtals	7	<u>89.836.405</u>	<u>41.583.740</u>
Skuldir:			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		366.065.962	81.549.665
Skattar ársins	8	16.959.611	2.988.046
		<u>383.025.573</u>	<u>84.537.711</u>
Skuldir samtals		<u>383.025.573</u>	<u>84.537.711</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>472.861.978</u>	<u>126.121.451</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur KPMG Law ehf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Innlausn tekna

Tekjur af seldri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörstegi. Staða verks er metin með hliðsjón af þeirri vinnu sem lokið er. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra eða tengdan kostnað.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok árs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikninginn.

3. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

4. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Um er að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi og nemur fjárhað niðurfærslunnar 23,5 millj. kr..

5. Skatteign

Skatteign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi. Reiknuð skatteign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps er færð til lækkunar á tekjuskattsskuldbindingu af efnahagsliðum.

Tekjuskattur á hagnað eða tap ársins innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki að hann tengist liðum sem færðir eru beint á eigið fé, en þá er hann færður á eigið fé.

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	1.10.2022 - 30.9.2023	1.1.2022 - 30.9.2022
Laun	377.808.997	122.793.342
Lífeyrisiðgjöld	50.380.092	16.484.573
Önnur laun og launatengd gjöld	74.070.017	29.181.254
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>502.259.106</u>	<u>168.459.169</u>
Ársverk	24	11

7. Eigið fé

Hlutfé félagsins nemur 2,4 millj. kr. samkvæmt samþykktum félagsins. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Skýringar, frh.:

7. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 30.09.2022	500.000	0	125.000	40.958.740	41.583.740
Hækkun hlutafjár	1.875.000	25.912.833			27.787.833
Tillag í lögbundinn varasjóð			468.750	(468.750)	0
Greiddur arður				(40.000.000)	(40.000.000)
Hagnaður ársins				60.464.832	60.464.832
Eigið fé 30.09.2023	<u>2.375.000</u>	<u>25.912.833</u>	<u>593.750</u>	<u>60.954.822</u>	<u>89.836.405</u>

8. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

		2023		2022
Hagnaður ársins		60.464.832		11.017.617
Tekjuskattur ársins samkvæmt rekstrarreikningi		<u>16.207.275</u>		<u>2.795.588</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		<u>76.672.107</u>		<u>13.813.205</u>
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0%	15.334.421	20,0%	2.762.641
Aðrir liðir	1,1%	<u>872.854</u>	0,2%	<u>32.947</u>
Virkur tekjuskattur	21,1%	<u>16.207.275</u>	20,2%	<u>2.795.588</u>

Skatteign félagsins greinist þannig:

		2023		2022
Skatteign (skuldbinding) í ársbyrjun		152.153	(40.305)	
Tekjuskattur til greiðslu		16.959.611		2.988.046
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi		(16.207.275)	(2.795.588)	
Skatteign í árslok		<u>904.489</u>		<u>152.153</u>

Skatteign félagsins skiptist þannig:

		2023		2022
Viðskiptakröfur		940.306		92.600
Dreifing gengismunar		(35.817)		59.553
Skatteign í árslok		<u>904.489</u>		<u>152.153</u>

9. Skuldbindingar

Félagið hefur gert leigusamninga um bifreiðar sem flokkast sem rekstrarleigusamningar og eru þeir því ekki færðir í efnahagsreikning. Leigusamningarnir eru óverðtryggðir og greidd er mánaðarleg föst rekstrarleiga auk viðbótargreiðslna í lok leigutímans ef akstur fer yfir tiltekin mörk. Félagið er með samning um aðstöðuleigu sem um gilda almenn uppsagnarákvæði.